

## Heimsókn 5 ára nemenda í skólann



Sigrún kennari tók á móti 5 ára nemendum

Næstu heimsóknir 5 ára nemenda leikskóla verða í íþróttahúsið Laugargötu 16. og 20. apríl þar sem íþróttakennararnir Birna og Ingibjörg Ólöf (Bíbi) munu taka á móti þeim.

Vorskólinn fyrir innritaða nemendur í 1. bekk næsta haust verður síðan 18. og 19. maí kl. 14 - 16. Sjáumst í skólanum!

## Comeniusarverkefni

Comeniusarverkefnið okkar tvö hafa vakið verðskuldaða athygli og ekki síður ánægju þeirra sem taka þátt. Nýverið fengum við í heimsókn til okkar hóp af Spánverjum sem nemendur í innanskólavali í spænsku tóku á móti ásamt fjölskyldum þeirra og voru þeim innan handar. Þökkum við fjölskyldum nemenda okkar kærlega fyrir þeirra þátt í móttökunni. Nú fljótlega eftir páskahefjum fara síðan okkar nemendur úr spænskuvali í heimsókn til þeirra á norðanverðan Spán og dvelja þar í rúma viku.

Annað Comeniusarverkefni sem við erum þátttakendur í tengist „mat“ og matarmenningu þátttökupjóðanna sem eru sjö talsins. Þar heimsækja kennarar hvorn annan og nú síðast var ferðinni heitið til Íslands þar sem skólastjórnendur skólanna voru með í för. Farið var með þau í Hrísey og að Mývatni og einnig hér um Akureyrarbæ í ýmsar móttökur þar sem þeim var kynnt starfssemi skólaskrifstofu, Norðurorku ofl. Við höfum sótt um framhaldsverkefni þessu tengdu. Nánar á [www.brekkuskoli.is/comenius](http://www.brekkuskoli.is/comenius)

## Fuglaverkefni

Mjög skemmtilegt fuglaverkefni var unnið í myndmennt hjá Joris Rademaker. Verkefnið var til sýnis í Menningarhúsinu Hofi nú nýverið. Krakkarnir unnu 2 - 3 saman og gaman var að heyra hvernig þau sömdu um það sín á milli þegar velja átti um liti og annað er kemur að útliti og lögun fuglsins. Tveir kennaranemar hafa verið hjá Joris undanfarið sem kom sér vel við framkvæmd verkefnisins. Verkefnið verður hengd upp til sýnis í skólanum okkar.



**Hafragrautur borinn fram alla daga!**  
kl. 07:45 - 08:00 og í fyrstu frímínútum í 8. - 10. bekk.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



## Fréttabréf Brekkuskóla



31. mars 2010  
4. töl. skólaárið 2009 - 2010  
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

## Ágæta skólasamfélag.

Nú stýttist óðum í vorið og páskahátíðin á næsta leyti. Frá áramótum hefur margt á daga okkar drifið. Árhátíð skólans var haldin 11. febrúar og nú í fyrsta sinn á einum degi. Allt húsnæði skólans var nýtt með því að setja upp sýningar og „ævintýraland“ víðs vegar um skólann. Í framhaldinu framkvæmdum við könnun meðal foreldra og kennara sem verið er að vinna úr um þessar mundir. Kynning á framhaldsskólunum hér á Akureyri, MA og VMA, fór fram í febrúar og heimsóknir vegna Comeniusarverkefnanna okkar hafa sett svip sinn á skólastarfið. Útivistardeginn var frestað þar sem fréttist að bjóða ætti öllum nemendum skólans í Hlíðarfjall. Það varð úr og allir mættu glaðir í fjallið og veðurguðirnir létu ekki á sér standa.

Við höldum ótrauð áfram að æfa okkur í uppbyggingu sjálfsaga, en talið er að þróunarstarf og innleiðing á slíkri stefnu taki allt að átta ár að þróast og festast í sessi í skólum. Við höfum því nægan tíma til að æfa okkur ennþá. Eftir páskahefjum býður skólinn foreldrum að sækja námskeið um uppbyggingu sjálfsaga, þeim að kostnaðarlausu.

Nemendur 7. bekkjar fóru að Reykjum í Hrutafirði að frumkvæði foreldra og þótti ferðin og námið þar takast vel. 4. bekkur fór að Kiðagili einnig að frumkvæði foreldra nú rétt fyrir páskahefjum. Nutu þau sín þar innan um húsdýr, handavinnu og heimilishald. Slíkar skólabúðaferðir hafa verið fastur liður í skólahaldi Brekkuskóla, en tryggt bakland foreldra hefur ekki látið á sér standa við að halda þeim við þrátt fyrir efnahagslægd. Framundan eru bjartir kennsludagar - vordagar og allir kannast við það andrúmsloft sem birtunni úti fylgir. Allt fyllist sjálfkrafa af bjartsýni og gleði við leik og störf bæði úti og inni. Foreldrafélag Brekkuskóla og Samtaka stóðu fyrir fræðslufundi um tölvunotkun barna. Fundurinn var vel sóttur og greinilegt að margir foreldrar þurfa að hafa sig alla við til að fylgjast með þróuninni. Vonumst við til að sjá meira af slíku framkvæmt á vegum foreldrafélaganna hér á Akureyri. - Sjáumst í skólanum! -

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

## Uppbyggingarstefnan - foreldrafræðsla



Brekkuskóli býður foreldrum á stutt tveggja tíma námskeið. Námskeiðið er ætlað foreldrum sem vilja kynna sér betur og tileinka sér leiðir uppbyggingastefnunnar sem skólinn er að innleiða í skólastarfið. Leiðbeinandi á námskeiðunum er **Rut Indriáadóttir** sérkennari hér í skólanum en hún hefur stýrt innleiðingu verkefnisins í samstarfi við stjórnendur. Námskeiðin verða annars vegar **miðvikudaginn 28. apríl kl. 08:00 - 10:00** og hins vegar **fimmtudaginn 29. apríl kl. 16:30 - 18:30**.

Skráning á námskeiðin er hjá umsjónarkennurum.



Fuglaverkefni í myndmennt

## Brekkuskóli

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brekkuskolii.is](http://www.brekkuskolii.is)  
[brekkuskoli@akureyri.is](mailto:brekkuskoli@akureyri.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

#### 4. bekkur að Kiðagili

Nemendur 4. bekkjar fóru ásamt kennurum sínum að Kiðagili dagana 21. - 24. mars þar sem þau skemmtu sér konunglega. Þau voru sett í hópa þar sem þau unnu ýmis skemmtileg verkefni; þæfðu ull, skáru í horn, dorguðu, gáfu kindunum hey í fjárhúsinu ofl. Sjá nánar myndir á vef árgangsins: [http://brekkuskoli.is/argangur\\_2000/gallery/](http://brekkuskoli.is/argangur_2000/gallery/)



#### Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar 2010 í 7. bekk grunnskólanna á Akureyri, var haldin Kvosinni í Menntaskólanum á Akureyri miðviku- daginn 17. mars. Keppendur voru alls 16 og stóðu þeir sig allir með mikilli þryði.

Hildur Emelía Svavarsdóttir 7. HS og Svandís Davíðsdóttir kepptu fyrir hönd Brekkuskóla. Það er skemmst frá því að segja að **Hildur Emelía (Mía) hreppti 3. sætið**. Í 1. sæti varð Aron Elvar Finnson úr Glerárskóla, Kjartan Atli Ísleifsson keppti fyrir Síðuskóla og lenti í 2. sæti. Við í Brekkuskóla óskum keppendum öllum innilega til hamingju með árangurinn.



#### Hvað gerir barnið mitt í tölvunni?

- opinn fundur foreldra allra grunnskólabarna á Akureyri

Opinn fundur foreldra um tölvunotkun barna og unglunga var haldinn í Brekkuskóla 24. mars síðast

liðinn. Fundurinn var vel sóttur (104) og greinilegt að vitundarvakning er meðal foreldra í þessum efnum. Guðjón Hreinn Hauksson kynnti sig sem ráðvilt foreldri sem hann sagði sig vera þessa dagana og fór yfir nokkur atriði er varða tölvunotkunina og hvað verið er að bjóða börnunum upp á. Það er óhætt að segja að hann hafi hreyft við hjörtum fundargesta með sýnishornum úr netheimum. Að því búnu ræddu Eygló Björnsdóttir og Anna Elisa Hreiðarsdóttir lektorar við HA um þróun og möguleika tækninnar og hvernig hún er að birtast í heimi barnanna og hvernig hún getur einnig nýst þeim á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Börn eru ótrúlega fljót að læra á það hvernig tæknin virkar og við fullorðna fólk þurfum að hafa okkur öll við að fylgjast með. Gunnar Svanbergsson, faðir og sjúkráþjálfari er mikill áhugamaður um hreyfingu barna og kom inn á það hversu mikil áhrif foreldrar geta haft. Hann vill að við endurskoðum í sameiningu tíma barnanna milli klukkan 14 og 16 og nýtum íþróttahús bæjarins til aukinnar hreyfingu barna. Fram koma að íþróttafélögin keppast um börnin okkar eftir skólatíma og foreldrar hlaupa til að keyra börnin í þá tíma. Að lokum greindi Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla í stuttu máli frá því hvernig tölvu- og tækninotkun birtist í skólastarfinu. Auk framsögumanna tóku Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur, Áskell Örn Kárasón forstöðumaður barnaverndar og Gréta Kristjánsdóttir forvarnarfulltrúi þátt í umræðum með foreldrum. Skipst var á ýmsum gagnlegum ábendingum varðandi málefnið. Foreldrar eru hvattir til að lesa grein Guðjóns á vefnum [www.samtaka.net](http://www.samtaka.net), fræðast og taka þátt í umræðunum.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Uppbygging sjálfsaga - Stutt inngríp

Um þessar mundir er starfsfólk Brekkuskóla að æfa sig í að nota stutt inngríp. Það gerum við með því að nota þrjár meginspurningar þegar það á við. Þær eru:

- Hvað átt þú að vera að gera núna?
- Hver er reglan?
- Heldur þú að til sé betri leið?



Þessi stuttu inngríp geta foreldrar einnig nýtt heima. Með spurningunum erum við að æfa okkur og samræma orðræðuna sem við notum innan um börnin. Hér í skólanum hengjum við spurningarnar upp á áberandi staði til að minna okkur á og grípum til þeirra þegar það á við. Dæmi: Nemandi er að leika sér með bolta á gangi skólans. Starfsmaður segir: „Hver er reglan um bolta í skólanum?“ Þannig aðlagar starfsmaðurinn spurningarnar líka að því sem er að eiga sér stað. Nemandinn svarar með því að segja regluna og/eða hættir að leika sér með boltann á ganginum. Klippið endilega út stuttu inngrípin (spurningarnar) hér fyrir neðan, hafið þær sýnilegar og prófið heima.

### Hver er reglan?



### Hvað átt þú að vera að gera núna?

### Heldur þú að til sé betri leið?



#### Skýr mörk um hegðun

Í Uppbyggingu sjálfsaga setur skólinn skýr mörk um óásættanlega hegðun. Þegar nemandi fer yfir þau skýru mörk fær hann tækifæri til að bæta hegðun sína. Ef hann hinn vegar ítrekað fer yfir mörkin, er oftast brugðist við með því að viðkomandi nemandi er fjarlægður úr hópnum. Hann er þá færður til stjórnanda sem ákveður hver séu næstu skref. Í kjölfarið er rætt við barnið og það aðstoðað við að gera áætlun um hvernig það geti mætt þörfum sínum án þess að það bitni á öðrum. Rætt er um það hvernig nemandinn geti lært af mistökum sínum og þannig byggt upp innri styrk. Ef þessi leið dugar ekki reynum við virkja foreldra inn í skólann til að styðja við barnið.



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir